



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu

Reykjavík, 26. ágúst 2026

MSS26080046

UMSÖGN

Á fundi borgarráðs þann 13. maí 2026 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um framkvæmdir á Sævarhöfða 31:

Hvaða framkvæmdir eru í gangi á Sævarhöfða 31 og af hverju hafa hjólabúar ekki verið upplýstir um þær? Nú þegar búið er að rifta leigusamningi við hjólabúa, hefur borgin einhver áform um að finna aðra staðsetningu fyrir þau?

Umsögn:

Unnið er að feringu lands í bryggjuhverfi við Sævarhöfða og eru áætluð verklok núverandi áfanga í desember 2026 sjá nánar á framkvæmdasíðu Reykjavíkurborgar [Bryggjuhverfi vestur | Reykjavík](#)

Samningum við leigutaka Sævarhöfða 31 var sagt upp 31. júlí sl. eftir ákvörðun borgarráðs og var leigutaka tilkynnt um uppsögn. Þann 7. ágúst sl. var talsmanni Hjólabúa sendur upplýsingapóstur um lok afnota að Sævarhöfða 31 – húsnæði og lóð. Hjólabúar eru ekki með leigusamning við borgina og því engum samningi að segja upp.

Umhverfis- og skipulagssvið hefur fengið staðfest að ekki standi til að finna aðra lóð.

Virðingarfyllst,
Guðni Guðmundsson
skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík